

EFTIRLITSSKÝRSLA

Náttúra fiskirækt ehf Þorlákshöfn



Dags eftirlits	16.6.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Náttúra fiskirækt ehf	Fulltrúi UST	
Heimili	Laxabraut 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	421111-1380	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Arnþór Halldórsson	ÍSAT nr.	03.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirliti, annars vegar hvað varðar sýnatökur skv. gr. 3.3 í starfsleyfi og hins vegar hvað varðar skil á vöktunaráætlun skv gr. 5.1 í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð hvað varðar lækjarsprænu frá frárennsli.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir nýtt starfsleyfi og bent á skiladaga skv. því.

Rekstraraðili kynnti starfsemi fyrirtækisins og fór yfir helstu atriði eldisins.

Rekstraraðili er með vottun frá Aqua Map og fær eftirlitsaðila frá IMO einu sinni á ári vegna þeirrar vottunar. Farm Control skráningarkerfi er í stöðinni og sjálfvirkt fóðrunarkerfi.

Allur dauðfiskur og slóg er sett í kæligám og er síðan sóttur af starfsmönnum Fóðurstöðvar Suðurlands.

Fitugildra tekur við frárennsli sláturhúss og er hún tæmd u.þ.b. 3 sinnum á ári, af Gámaþjónustunni.

Oliugeymir fyrir ljósavél er staðsettur innandyra og sýnist vera í góðu ásigkomulagi. Gólfíð undir geyminum er þétt og virkar sem þró, engin niðurföll voru sjáanleg á gólfi. Stefnt er að því að bæta við annarri ljósavél og öðrum oliugeymi og er nægt rými fyrir það við hlið þess sem fyrir er.

Gengið var niður að frárennslisstokk, þar sem frárennslíð fer út í viðtaka. Gerð var athugasemd við lækjarsprænu sem rennur til hliðar við megin útrásina og mátti greina uppsöfnun fóðurleyfa, saurs og gróðurmyndunar á því svæði. Rekstraraðili ætlar að loka sprænunni og sendir myndir því til staðfestingar að loknu verki.

Bent var á að senda skuli öll gögn á netfang stofnunarinnar ust@ust.is sem og á netfang eftirlitsaðila.

Bent var á að öll frávikalaus fyrirtæki fá viðurkenningu á vefsvæði sínu á vef Umhverfisstofnunar fyrir hvert frávikalaust ár. Einnig var bent á að sé fyrirtæki frávikalaust í 4 ár eða lengur má sækja um minnkun eftirlits en sækja þarf um það sérstaklega til stofnunarinnar.

Frávik frá

Gr. 3.3. í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili skal taka sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni í frárennsli. Fyrsta mæling skal fara fram fyrir 1. maí 2014. Rekstraraðili hafði ekki framkvæmt þessa mælingu er eftirlitið fór fram. Þann 19. júní var tekið sýni og sent til mælingar og fyrirhugað er að taka annað sýni í framhaldinu.

Gr. 5.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal leggja fram drög að vöktunaráætlun fyrir 1. maí 2014. Drögin hafa ekki borist eftirlitsaðila.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við lækjarsprænu sem rennur út frá útrásinni og yfir hraunsyllu. Þar má greina uppsöfnun saurs, fódurleyfa og óæskilegrar þörungamyndunar. Rekstraraðili ætlar að loka þessari sprænu sem allra fyrst og veita öllu frárennslinu í einn farveg.

ANNAÐ


Í stöðinni eru 12, 500 m³ kör og eru að jafnaði 11 þeirra með fiski hverju sinni. Þéttleiki er hafður sem næst 60 kg/m³ og er slátrað daglega. Sláturhús er rekið á staðnum og fer mestur hluti fisksins ferskur á markað.

Stefnt er að því að byggja fleiri eldisker til móts við stækkun leyfis. Bent var á að tilkynna þarf allar framkvæmdir til eftirlitsaðila áður en hafist er handa skv. gr. 1.5 í starfsleyfi.

Eftirlitsaðili sendi til rekstraraðila leiðbeiningar um gerð vöktunaráætlunar fiskeldisstöðva, græns bókhalds og útstremisbókhalds þann 18. júní sl.

Birgir Þórðarson frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands var viðstaddur eftirlitið.

Reykjavík, 18.06.2014



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.